

## Matseðlar -

### næringarútreikningar

Nú má nálgast næringarútreikninga fyrir matseðla skólans á heimasíðunni undir „Matseðill“ eða beint á slóðinni: <https://kopavogur.timian.is/public/5c18ec20cbba9/meals/week> Þannig er hægt að sjá nákvæma sundurliðun á innihaldi og næringargildi þeirra máltíða sem boðið er upp á í mötu-neytinu okkar.

## Kæra skólasamfélag

Vorið lætur á sér standa þó að apríl heilsi og síga fari á seinni hluta skólaársins. Páskafrí og sumardagurinn fyrsti setja sitt mark á dagatal mánaðarins en við höldum sem fyrr áfram kröftugu skólastarfi. Það er margt sem við getum verið stolt af í skólanum okkar og víða er verið að gera frábæra hluti. Þemadagarnir í síðustu viku tókust vel og var gaman að sjá nemendur fást við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Vinna með þau er liður í að móta meðvitaða „heimsþegna“ til framtíðar en jafnframt ber að geta þess að heimsmarkmiðin hafa verið sett á oddinn í stefnumótun Kópavogsbæjar og starfið á þemadögnum er því fyrsti liðurinn hjá okkur í að vinna samkvæmt þeirri stefnu. Fulltrúi skólans í Stóru upplestrarkeppni 7. bekkjar fór með sigur af hólmi í mars og ekki er hægt annað en að geta þess að skákstarfið í skólanum stendur í gríðarlegum blóma sem sést meðal annars á því að nú eigum við Íslandsmeistara grunnskólasveita bæði í 4.-7. bekk og 8.-10. bekk. Þar á Gunnar Finnsson skákkennari mikið hrós skilið en hann stýrir sem fyrr skákstarfinu okkar að miklum krafti.

Með von um vor í lofti, sól í sinni og árangursríkan aprílmánuð!

Ágúst Jakobsson skólastjóri

## Foreldrakönnun Skólapúlsins

Nú liggja fyrir niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak úr foreldrahópnum í febrúar. Könnun þessi er lögð fyrir annað hvert ár. Niðurstöður eru í heildina tekið jákvæðar eins og verið hefur undanfarin ár og engar stórar sveiflur að sjá í viðhorfum foreldra til skólastarfsins. Niðurstöðurnar gefa því sem fyrr vísbendingu um gott skólastarf í skólanum þar sem nemendum líður vel og foreldrar eru ánægðir með starfið. Við hvetjum alla sem áhuga hafa að kynna sér niðurstöður könnunarinnar. Þær má nálgast á heimasíðu skólans undir „Matsgögn og skýrslur“ eða beint á slóðinni: [https://www.hordevallaskoli.is/static/files/matsgogn/skolapulsinn\\_2019\\_foreldrakonnun.pdf](https://www.hordevallaskoli.is/static/files/matsgogn/skolapulsinn_2019_foreldrakonnun.pdf)

Sjá má myndir frá vinnu nemenda á þemadögnum á facebooksíðu skólans:

<https://www.facebook.com/hordevallaskoli/posts/1034854120236373>



## Munið foreldraröltið

Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans

<http://www.hordevallaskoli.is/is/foreldrar/foreldrarolt/>

Röltvaktir í apríl eru sem hér segir:

5.apr.19	2.HH
6.apr.19	1. BEKKUR
12.apr.19	10.B
13.apr.19	10.E
19.apr.19	Páskafrí foreldraröltis
20.apr.19	10.M
26.apr.19	9.A
27.apr.19	9.HP

Foreldrar—munið útivistartímann!

## KÓPURINN

Viðurkenning menntaráðs til grunnskóla- og frístundastarfs á vegum Kópavogsbæjar

Menntaráð auglýsir eftir tilnefningum til viðurkenninga fyrir framúrskarandi grunnskóla- og frístundastarf í Kópavogi.

Viðurkenningar eru veittar fyrir verkefni sem stuðla að nýbreytni og framþróun. Auk þess er æskilegt að verkefnið:

- sýni að það hafi verið unnið af frumkvæði, fagmennsku og ábyrgð.
- hafi leitt til umbóta og/eða framfara.
- feli í sér hvatningu til eftirbreytni innan viðkomandi stofnunar og utan.

Skriflegar tilnefningar skulu berast rafrænt á sérstöku eyðublaði til grunnskóladeildar Kópavogs til [hекla@kopavogur.is](mailto:hекla@kopavogur.is) eigi síðar en 5. apríl 2019.



Kópavogsbær

## Kynningarbréf um innleiðingu

### Barnasáttmálans í Kópavogi

Þann 22. maí 2018 samþykkti Bæjarstjórn Kópavogs einróma að hefja vinnu við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í allt starf sveitarfélagsins. Innleiðingin er unnin í samstarfi við

UNICEF á Íslandi en að henni lokinni mun Kópavogur geta öðlast viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag (e. Child Friendly City).



Barnvæn-  
sveitarfélög

unicef   
fyrir öll börn

### Um verkefnið

Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga út um allan heim frá því 1996. Íslenska líkanið byggir jafnframt á efni frá umboðsmönnum barna í Noregi og Svíþjóð og UNICEF í Finnlandi.

Með innleiðingu Barnasáttmálans samþykkir sveitarfélag að nota Barnasáttmálann sem rauðan þráð í gegnum alla starfsemi sína. Segja má að starfsmenn og stjórnvaldamenn sveitarfélagsins setji upp „barnaréttindagleraugu“ og rýni og skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum. Sáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.

### Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins - sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:

- Þekkingu á réttindum barna innan sveitarfélagsins.
- Að haft sé að leiðarljósi það sem barninu er fyrir bestu.
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna.
- Að þátttaka barna sé markviss í starfi og ákvörðunum bæjarins.
- Að barnvæn nálgun sé viðhöfð innan sveitarfélagsins.

### Innleiðingarferlið

Innleiðingarferli Barnasáttmálans er ferli sem tekur tvö ár og skiptist í átta skref, sem sveitarfélag stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Að tveimur árum liðnum, getur sveitarfélagið sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi að undangenginni úttekt. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf sveitarfélagið að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati á tveggja ára fresti.

### Samráð við börn og ungmenni

Einn mikilvægasti þátturinn í innleiðingu Barnasáttmálans í Kópavogi er kortlagning á stöðu og velferð barna í sveitarfélaginu. Kortlagningin byggir á mörgum þáttum en ekki síst því að leita eftir skoðunum og upplifunum barna á því hvernig hægt sé að gera bæinn að enn betri stað fyrir öll börn. Börn búa yfir mjög verðmætri þekkingu á því hvað sé vel gert og hvað sé hægt að gera betur – þessa þekkingu vill sveitarfélagið nýta í innleiðingavinnunni.

Sveitarfélagið nýtir fyrirbyggjandi gögn sem safnað er af viðurkenndum aðilum, s.s. Embætti Landlæknis, Rannsóknum og greiningu og Hagstofu Íslands. Þá er leitað til Ungmennaráðs Kópavogsbæjar og nýttar niðurstöður af ungmennanæpingi. Til að öðlast betri skilning á nokkrum atriðum er lúta að þekkingu barna á Barnasáttmála og þátttöku þeirra í ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins verður lögð fyrir stutt nafnlaus könnun meðal barna í 5 – 10 bekk.

Foreldrar eru hvattir til kynna sér Barnasáttmálann og barnvæn sveitarfélög Unicef og ræða við börnin:

[www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is) <http://barnvaensveitarfelog.is> [www.unicef.is](http://www.unicef.is)

Verkefnastjóri innleiðingar: Dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir,

Hörðuvallaskóli bar sigur úr bítum í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í Salnum þann 7. mars. Sóley Jóhannesdóttir í 7. R kom sá og sigraði, með glæsibrag. Innilega til hamingju, Sóley.



## Páskaopnun í frístund 2019

Ágætu foreldrar,

Börnum sem eru skráð í frístund stendur til boða að skrá sig á aukadaga í frístund í vikunni fyrir páska. Opið verður í frístund skólans ef tilskilinn lágmarksfjöldi barna er skráður.

**Opið verður frá 8:00 – 16:00** mánudaginn 15. apríl, þriðjudaginn 16. apríl og miðvikudaginn 17. apríl.

Sækja þarf sérstaklega um ofangreinda daga í þjónustugátt Kópavogsbæjar og verður innheimt sérstaklega eitt fast gjald fyrir hvern valinn dag, óháð dvalarstundafjölda. Gjald fyrir hvern dvalardag er 1.980 kr. og verður innheimt samkvæmt skráningu, óháð því hvort vistun verður nýtt að fullu eða ekki.

**Börnin þurfa að koma með nesti fyrir morgunhressingu, hádegismat og síðdegishressingu þessa daga.**

Athugið að þátttaka miðast við 8 börn að lágmarki hvern dag. Náist ekki sá fjöldi í hverja frístund fyrir sig verður boðið upp á dvöl í Krakkalandi, Snælandsskóla fyrir börn í neðri byggðum (Álfhólsskóla, Kársnesskóla, Kópavogsskóla, Smáraskóla og Snælandsskóla) og í Stjörnuheimum, Vatnsendaskóla fyrir nemendur í efri byggðum (Lindaskóla, Salaskóla, Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla). Ef til þess kemur verður það tilkynnt þegar skráning liggur fyrir.

Sett verður upp sérstök dagskrá fyrir starfið þessa opnunardaga sem verður sniðin að þeim hópi sem þiggja mun þjónustuna. Dagskráin verður send til foreldra bráðlega. Ef til þess kemur að börn færast í aðra frístund verður þess gætt að starfsmaður frá hverri frístund verði starfandi í páskaopnun svo öll börn hafi starfsmann sem þau þekkja.

**Skráning fer fram hér:** <https://thjonustugatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2f>

**Skráningu fyrir þessa daga lýkur miðvikudaginn 3. apríl 2019.**



### Tvöfaldur Íslandsmeistaratitill í skák!

Nú eigum við í Hörðuvallaskóla Íslandsmeistara grunnskólasveita bæði í 4.-7. bekk og 8.-10. bekk. Á myndinni hér að ofan má sjá sveit okkar sem vann 4.-7. bekkjar mótið en það eru þau Benedikt 7.M, Grétar Jóhann 7.R, Guðrún Fanney 3.b, Snorri Lund 6.L., Guðmundur Reynir 7.M og Hilmar Óli 6.HG.

Sveit okkar á unglíngastiginu var svo að vinna Íslandsmeistaratitilinn í þeim flokki með yfirburðum í 6. skiptið í röð sem er Íslandsmet.

Sveitin hlaut 26 vinninga af 28 mögulegum eða tæp 93%. A-sveit Rimaskóla hafnaði í öðru sæti með 18 ½ vinning og A-sveit Lauga-lækjarskóla varð þriðja með 17 vinninga.

Sveit Hörðuvallaskóla var þannig skipuð að venju: Vignir Vatnar Stefánsson, Stephan Briem, Arnar Milutin Heiðarsson, Sverrir Hákonarson og Óskar Hákonarson. Liðsstjórar voru Gunnar Finnsson og Óskar Hákonarson.

Lið Hörðuvallaskóla sem sigruðu á Íslandsmóti barnaskóla – og grunnskólasveita unnu sér þar með rétt til að tefla fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu í skólaskák sem fram fer í Svíþjóð í september.

Þetta er líklega í fyrsta sinn sem tvær sveitir frá sama skóla hérlendis, tefla á Norðurlandaskákmóti.

Til hamingju krakkar með glæsilegan árangur!

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1. Þorskur í KFC m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	2. Kjötfarsbollur m/ hvítkáli, bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.  <b>Blár dagur</b>	3. Heitur pastaréttur m/ heilheitipastaskrúfum, baconi, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	4. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	5. Íslensk kjötsúpa m/ lambagúllasi, rófum, gul- rótum, lauk, hvítkáli, kart- öflum og íslensku banka- byggji. Ávextir.	6.
7.	8. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.  <b>7. bekkur í skólabúðum</b>	9. Grísastrimlar (grísa- vöðvi) m/ brúnum hrísgrjónum og súr- sætri sósu. Salatbar og ávextir.	10. Mexíkósk súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir.	11. Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.  <b>Árshátíð 8.-10.b</b>	12. Kjúklingasnitsel m/ ofn- steiktum kartöflum og sveppasósu. Salatbar og ávextir.	13.
14.	15. <b>Páskafri</b>	16. <b>Páskafri</b>	17. <b>Páskafri</b>	18. <b>Skírdagur</b> <b>Fri</b>	19. <b>Föstudagurinn langi</b> <b>Fri</b>	20.
21.	22. <b>Annar í páskum</b> <b>Fri</b>	23. Nautahakkabuff m/ kartöflumús, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	24. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir.	25. <b>Sumardagurinn fyrsti</b> <b>FRÍ</b>	26. Kínverskar núðlur m/ kjúklingi, eggjum og grænmeti. Ávextir.	27.
28.	29. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og kokteil- sósu/tómatsósu. Salat- bar og ávextir.	30. Píta með skinku- strimlum, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	<b>Muna:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li><b>Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!</b></li> <li><b>Útivistartími:</b> Börn, 12 ára og yngri til kl. 20.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.</li> </ul>			

### Blár apríl þriðjudaginn 2. apríl!

Í tilefni af vitundar- og styrktaráttakinu **BLÁR APRÍL** sem er nú haldið í sjötta sinn, eru börn og fullorðnir hvattir til að klæðast bláu þriðjudaginn 2. apríl til að sýna einhverfum stuðning og samtöðu. Sem fyrr er það Blár apríl - Styrktarfélag barna með einhverfu sem að bláa deginum stendur. Markmið áttaksins er að vekja athygli á einhverfu og safna fé til styrktar málefnum er varða börn með einhverfu. Öll starfsemi styrktarfélagssins er unnin í sjálfböðavinnu og allt styrktarfé rennur óskert til söfnunaráttaksins. Gefin hafa verið út tvö vönduð fræðslumyndbönd um einhverfu sérstaklega ætlað börnum. Þar fóru Ævar vísindamaður og drengurinn Dagur ofan í saumana á einhverfu og svo kom út annað myndband með henni Maríu í aðalhlutverki. Hægt er að sjá myndböndin og fræðast nánar um málið á [www.blarapril.is](http://www.blarapril.is)